# Skattamálin, í framhaldi af greinargerð ASÍ

Bjarni Benediktsson – Stjórnmál – Dómsmála- og Utanríkisráðherra – ASÍ – Skattamálin – Tekjur – Fjölskydur - 1951

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-11, Örk 3

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skattamálin

Í greinargerð A.S.Í. er því haldið fram, að tekjuskattur til ríkisins hafi stóraukist og jafnvel margfaldast í sumum tilfellum 1948-1952. Þessari fullyrðingu er haldið fram, enda þótt þessum aðilum ætti að vera ljóst, ekki síður en öllum almenningi, að Alþingi lækkaði að tilhlutun ríkisstjórnarinnar tekjuskattsstigann bæði 1950 og 1951, varðandi þá, sem eru í lægri launaflokkunum (lög nr. 60, 1950 og framlenging, lög 111, 1950). Hafði þetta mjög mikilsverða þýðingu fyrir greiðslu tekjuskattsins, eins og eftirgreind dæmi frá Skattstofu Reykjavíkur sýna:

| Tekjur kr. 25,000.00 | Fjölsk. 4 menn | Fjölsk. 6 menn |
|---|---|---|
| Árið 1948 | Skattur kr. 425.00 | Skattur kr. 226.00 |
| " 1949 | " " 425.00 | " " 226.00 |
| " 1950 | " " 425.00 | " " 150.00 |
| " 1951 | " " 365.00 | " " 119.00 |
| " 1952 | " " 237.00 | " " 56.00 |
| **Tekjur kr. 35,000.00** | | |
| Árið 1948 | " " 1108.00 | " " 771.00 |
| " 1949 | " " 1108.00 | " " 771.00 |
| " 1950 | " " 1108.00 | " " 771.00 |
| " 1951 | " " 965.00 | " " 642.00 |
| " 1952 | " " 706.00 | " " 406.00 |

Í þessum dæmum er miðað við greiðslu-árið, en skatturinn er lagður á samkvæmt tekjum næsta ár á undan, svo sem kunnugt er.

Tekjuskattur á 4 manna fjölskyldu með 25 þús. kr. skattskyldar tekjur hefir því lækkað um 44,2 % frá 1948 til 1952. Tekjuskattur á 6 manna fjölskyldu með 25 þús. kr. tekjur hefir á sama tímabili lækkað um 75,2 %.

Tekjuskattur á 4 manna fjölskyldu með 35 þús. kr. skattskyldar tekjur hefir lækkað um 36,3 % frá 1948 til 1952. Tekjuskattur á 6 manna fjölskyldu með 35 þús. kr. tekjur hefir lækkað á sama tímabili um 47,3 %.

Af framangreindum dæmum er það augljóst mál, að það er að snúa

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

staðreyndunum við, þegar fullyrt er að tekjuskattur hafi hækkað verulega síðustu árin.

Nokkur áhrif hefir breyting þessi haft á útsvörin á lægri tekjur, enda þótt þau séu mismunandi há á hinum ýmsu stöðum í landinu.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur